



Vertu fyrri til – ekki verða fyrir vatnstjóni!

Gott að vita varðandi neysluvatns- og hitakerfi húsnæðis

Leiðbeiningar þessar eru gefnar út í forvarnarskygni af hálfu Félags pípulagningameistara í samstarfi við Samtök fjármálafyrirtækja og Samtök iðnaðarins. Reynslan sýnir að það getur skipt miklu máli fyrir húseigendur að þekkja lagnakerfi heimilisins ef það t.d. bilar eða fer að leka. Með því að þekkja lagnakerfið, viðhalda því, skilja umgengni við það og tileinka sér rétt viðbrögð við óvæntum atvikum er mögulegt að fyrirbyggja eða takmarka tjón.

Kynntu þér hvar á að loka fyrir vatnið

Ef skyndilegur leki gerir vart við sig, t.d. þar sem lögn hefur farið í sundur, er gott að vita hvar eigi að loka fyrir stofnloka/inntaksloka til að koma í veg fyrir vatnstjón. Nauðsynlegt er að merkja vel stofnloka/inntaksloka og annan búnað með viðurkenndum merkingum sem fást hjá veitufyrirtækjum og helstu lagnaverslunum.

Í stærri fjölbýlishúsum er æskilegt að merkja aðkomuleiðir að stofnlokum fyrir heitt og kalt neysluvatn og framrás og bakrás hitaveitu. Sjá nánari leiðbeiningar í RB blaði um leiðarlýsingu að stofnlokum fyrir heitt og kalt vatn (tekið af vef HMS).

Smelltu hér til að opna skjalið fyrir leiðarlýsingu.

Merktu lagnarýmið

Góðar merkingar á lagnarýminu (vatnsinntök og hitagrind) eru nauðsynlegar til að átta sig á hvernig búnaður er í rýminu. Fáðu fagmann til að merkja. Slíkt auðveldar þjónustu og viðhald búnaðar.

Vertu með kerfismynd lagnakerfis aðgengilega

Rétt er að hafa kerfismynd lagnakerfis uppsetta í lagnarými til að auðvelda þjónustu við kerfið. Ef kerfismynd er til frá hönnuði þá ætti hún að vera aðgengileg fyrir hús sem byggð eru eftir 1970 á kortasjá viðkomandi sveitarfélags.

Gott er að yfirfara lagnakerfið reglulega

Fáðu löggiltan þjónustuaðila til að yfirfara lagnakerfið reglulega. Hreinsa sigti, yfirfara stjórnbúnað, kanna virkni búnaðar, þrýsting á lokuðum kerfum og innspýtingu fyrir snjóbræðslu ef við á.

Hreinsið niðurföll

Hreinsa þarf niðurföll reglulega. Niðurföll eru í öllum rýmum sem eru skilgreind sem votrymi þar sem gert er ráð fyrir að vatn geti farið á vegg og gólf.

Haldið lögnum frostfríum

Ef hitakerfi eru lokuð er æskilegt að fá fagmann til að setja frostlög inn á kerfið til að koma í veg fyrir frostskemmdir ef rof verður á dreifikerfinu.

Uppfærið lagnakerfi

Ef hitakerfi eru ekki lokuð er skynsamlegt að skoða möguleikann á að uppfæra þau. Sjá hér að ofan um frostfríar lagnir. Ef það er gert þarf ætíð að fá fagmann í verkið.

Vöktun

Hægt er að koma fyrir skynjurum sem gefa til kynna breytingar á hita- og rakastigi inni í húsnæðinu, sem senda húsráðendum skilaboð ef breytingar verða og gefa færi á að bregðast við.

Ef yfirgefa þarf húsnæði í flýti

Ef yfirgefa þarf húsnæði í flýti t.d. vegna jarðhræringa eða fyrirmæla Almannavarna er æskilegt að loka fyrir inntaksloka fyrir kalt og heitt neysluvatn til að koma í veg fyrir vatnstjón ef lagnir fara í sundur.

Ávallt skal fylgja fyrirmælum veitufyrirtækja varðandi inntaksloka hitaveitu.

Þjónusta löggilta pípulagningameistara

Heimilt er að reka fyrirtæki í pípulögnum ef pípulagningameistari er í forsvari þess. Löggiltir pípulagningameistarar eru með heimild til að vera með pípulagningamenn í vinnu og bera faglega ábyrgð á öllum verkefnum fyrirtækisins. Þú finnur löggilta pípulagningameistara meðal annars á vef Félags pípulagningameistara, www.piparinn.is og á vefnum www.meistarinn.is.